



Kerlingarfjöll

Gróðurfar og jarðminjar

Kristján Jónasson og Rannveig Thoroddsen

Unnið fyrir Fannborg ehf.



Kerlingarfjöll: gróðurfar og jarðminjar

Kristján Jónasson og Rannveig Thoroddsen

Unnið fyrir Fannborg ehf.


NÍ-16006 Garðabær, desember 2016



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Vestari líparítþyrping Kerlingarfjalla. Höttur fyrir miðju og Ögmundur til hægri eru líparítstapar. Hverabotn og hlíðar Mænis í forgrunni. Ljósmynd. Kristján Jónasson, 5. júlí 2008.

ISSN 1670-0120

	Urriðaholtsstræti 6-8 212 Garðabæ Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 602 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is
Skýrsla nr. 16006	Dags, Mán, Ár Desember 2016	Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Kerlingarfjöll: gróðurfar og jarðminjar	Upplag 15	Fjöldi síðna 44
		Kort / Mælikvarði
		Höfundar Kristján Jónasson og Rannveig Thoroddsen
Málsnúmer 201609007		
Unnið fyrir Fannborg ehf.		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur <p>Kerlingarfjöll eru á náttúruminjaskrá og unnið er að friðlýsingu. Gert er ráð fyrir að svæðið í Ásgarði sé ætlað til uppbyggingar innviða fyrir ferðamenn.</p> <p>Gefið er yfirlit yfir og lagt mat á verndargildi jarðminja og gróðurs í Kerlingarfjöllum. Áhersla var lögð á Ásgarð og áhrif fyrirhugaðrar hálendismiðstöðvar á framangreinda þætti.</p> <p>Mikil líparítfjöll einkenna svæðið ásamt lægri móbergsfjöllum. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með allmiklu háhitasvæði. Jarðminjar í Ásgarði eru annars vegar þykk setlög frá ísöld í Árskarðsöldum og hins vegar Árskarðsá, virkt ferli landmótunar með gljúfurmyndun og aurframburði.</p> <p>Gróðurfar í Kerlingarfjöllum einkennist af grýttum melum með mosagrónum lægðum. Jarðhitagróður finnst sums staðar við hveri á háhitasvæðum. Í Ásgarði er graslendi útbreiddasta gróðurlendið og votlendi er einnig áberandi.</p> <p>Alls 123 tegundir æðplantna hafa verið skráðar á svæðinu, 131 mosategund og 58 fléttur. Þar af eru tvær fléttu-tegundir á valista. Í Ásgarði voru skráðar 87 tegundir æðplantna. Engar valistategundir hafa fundist í Ásgarði.</p> <p>Bein áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verða helst í og við Ásgarð. Engin bein áhrif verða á jarðminjar með hátt verndargildi. Meta þarf áhrif efnistöku á farveg og aurburð Árskarðsár.</p> <p>Fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á víðernisupplifun og ýmis óbein áhrif á náttúruminjar. Fjölgun ferðamanna getur aukið álag á viðkvæmar jarðminjar og gróður einkum á háhitasvæðum. Mikilvægt er að takmarka ágang og álag á hverasvæði.</p>		
Lykilorð Kerlingarfjöll, Ásgarður, hálendismiðstöð, jarðminjar, gróðurfar, flóra, verndargildi	Yfirfarið MH	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 ATHUGUNARSVÆÐI, ÖFLUN GAGNA OG AÐFERÐIR	7
2.1 Skráning gróðurfars	8
3 LÝSING SVÆÐIS	9
3.1 Jarðfræði	10
3.2 Gróður	14
Gróðurfar	14
Flóra	21
4 VERNDARGILDI	24
4.1. Jarðminjar	24
4.2. Gróður og flóra	25
5 SAMANTEKT OG ÁBENDINGAR	27
6 HEIMILDIR	33
7 VIÐAUKAR	36
1. viðauki. Flatarmál og hlutfall gróðurfélaga og landgerða	36
2. viðauki. Flatarmál og hlutfall gróðurþekjuflokka	37
3. viðauki. Æðplöntur skráðar á stöðvum	38
4. viðauki. Fjöldi skráðra mosa	42
5. viðauki. Fjöldi skráðra fléttna	45

1 INNGANGUR

Í september 2016 óskaði ferðapjónustufyrirtækið Fannborg ehf. eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að stofnunin tæki saman upplýsingar um jarðmyndanir og gróðurfar á svæði Fannborgar í Kerlingarfjöllum. Upplýsingarnar yrðu síðan nýttar við mat á umhverfisáhrifum hálandismiðstöðvar í samræmi við tillögu að matsáætlun. Verkefnið felst annars vegar í að meta verndargildi jarðmyndana og gróðurs, m.t.t. laga um náttúruvernd, og hins vegar að meta áhrif fyrirhugaðrar hálandismiðstöðvar og reksturs hennar á framangreinda þætti. Matsáætlun fyrir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum er til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun.

Kerlingarfjöll eru á náttúruminjaskrá (nr. 732) en þar segir: „Stórbrotið og lítríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði“. Ekki eru raktar frekari forsendur fyrir verndargildi Kerlingarfjalla í skránni en augljóst má vera að það byggir fyrst og fremst á jarðfræðilegri sérstöðu, svo sem líparítfjöllum og jarðhita, sem skapa sérstakt og fagurt landslag (Umhverfisstofnun 2016). Hverir á svæðinu njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Sama gildir um Illahraun, Setuhraun og Kisuhraun austan fjallanna.

Í 2. áfanga rammaáætlunar voru Kerlingarfjöll sett í verndarflokk sbr. þingsályktun Alþingis (Alþingi 2013) en með þingsályktuninni samþykkti Alþingi að vinna skyldi að friðlýsingu þeirra. Árið 2016 var unnið að friðlýsingu svæðisins og liggja nú fyrir drög að skilmálum hennar. Ekki hefur verið gengið endanlega frá friðlýsingunni en í friðlýsingarskilmálunum er gert ráð fyrir að svæðið í Ásgarði og nágrenni verði notað til uppbyggingar innviða í tengslum við móttöku ferðamanna í Kerlingarfjöllum.

2 ATHUGUNARSVÆÐI, ÖFLUN GAGNA OG AÐFERÐIR

Kerlingarfjöll eru tignarlegur fjallaklasi á miðhálandinu, suðvestan Hofsjökuls. Þar er litríkt háhitasvæði innan um háreist líparítfjöll og móberg. Hæst nær Snækollur í 1488 m hæð yfir sjó, en umhverfi fjallanna er í 600–800 m h.y.s.

Afmörkun athugunarsvæðisins miðast við ákvæði í samningi Fannborgar ehf. og Hrunamannahrepps frá árinu 2015 um að Fannborg hafi eftirlit með landi og landsréttindum á um 3000 ha (30 km²) í Kerlingarfjöllum (Mannvit 2016, 1. kort). Í gildi er deiliskipulag fyrir allt svæðið frá 2014. Innan þess er lóð Fannborgar, um 5,5 ha svæði í Ásgarði, þar sem fyrirhugað er að aðalframkvæmdir vegna uppbyggingar hálandismiðstöðvar verði (2. kort).

Í tengslum við 2. áfanga rammaáætlunar var Náttúrufræðistofnun Íslands falið að rannsaka háhitasvæði landsins og meta verndargildi þeirra. Niðurstöður rannsókna er að finna í skýrslum stofnunarinnar (Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009, Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009, Trausti Baldursson o.fl. 2009, Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2009). Í skýrslunni *Mat á verndargildi 18 háhitasvæða* (Trausti Baldursson o.fl. 2009) eru helstu niðurstöður rannsókna teknar saman og háhitasvæðunum raðað eftir verndargildi. Niðurstöður sem hér eru birtar byggja að miklu leyti á framangreindum rannsóknum.

Við öflun gagna var miðað við athugunarsvæðið í heild. Fyrst og fremst er byggt á fyrirliggjandi gögnum um jarðfræði og gróðurfar svæðisins. Dregin voru saman gögn úr gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og upplýsingar í útgefnum heimildum. Farið var um svæðið dagana 29.–30. september 2016 til að fá yfirsýn yfir einkenni þess og jafnframt var gróður

kortlagður og plöntutegundir skráðar innan lóðar Fannborgar í Ásgarði. Áhersla var lögð á að kanna náttúruminjar í Ásgarði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, auk þess sem upplýsingum um náttúrufar á því svæði var ábótavant.

2.1 Skráning gróðurfars

Fyrirliggjandi eru gróðurkort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins af athugunarsvæðinu í mælikvarða 1:40.000 (Menningarsjóður 1966a, 1966b) sem byggð eru á vettvangsgögnum frá árinu 1955 og frá árunum 1962–1964 (Gylfi Már Guðbergsson 1981). Hluti gömlu gróðurkortanna var endurskoðaður á vettvangi sumarið 2002 vegna vistgerðarannsóknna á árunum 2001–2002 og gróðurkort í mælikvarða 1:25.000 sem byggði á þeirri vinnu kom út með skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir á hálendinu (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 2009). Þau kort hafa síðan verið uppfærð og endurskoðuð eftir nýjustu myndagögnum og eru nú hluti af stafrænu gróðurkortu af miðhálandi Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands 2014). Kortið endurspeglar vel gróðurfar í Kerlingarfjöllum á því tæplega 3000 ha svæði sem Fannborg ehf. hefur umsjón með samkvæmt samningi sem gerður var við Hrunamannahrepp 2015 (Mannvit 2016). Sá hluti kortisins sem nær yfir athugunarsvæðið er í mælikvarða 1:15.000 og er að finna aftast í skýrslunni (1. kort).

Til að fá gleggri mynd af gróðurfari á lóð Fannborgar í Ásgarði (um 5,5 ha), þar sem fyrirhugað er að ný hálendismiðstöð rísi, var ákveðið að kortleggja það svæði í nákvæmari mælikvarða (1:2.500) í vettvangsferð haustið 2016 (2. kort).

Gróður- og landgreining var unnin á myndkort frá Loftmyndum ehf. sem gerð voru eftir miðflugsmýndum og lágflugsmýnd af lóð Fannborgar í Ásgarði frá árinu 2013. Gróðurkort var teiknað og uppfært í landupplýsingakerfi og er grunnurinn að gróðurfarslýsingu svæðisins og hlutfalli einstakra landgerða, gróðurlenda og gróðurfélaga innan þess. Hugbúnaðarkerfi sem notuð voru við kortavinnsluna voru Microstation, Bentley Map og Global Mapper.

Kortlagning á vettvangi fer þannig fram að gengið er um landið og mörk gróðurfélaga og landgerða eru færð inn á loftmyndir eða myndkort. Hver fláki er flokkaður með sjónmati í gróðurfélög og landgerðir samkvæmt hefðbundnum gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands sem byggir á gróðurflokkun Steindórs Steindórssonar (1981) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2016). Gróður er flokkaður eftir ríkjandi og einkennandi tegundum og eru tegundir sem hafa mesta þekju kallaðar ríkjandi en einkennandi tegundir eru þær sem eru dæmigerðar fyrir tiltekið gróðurfélag óháð þekju. Í þeim tilvikum sem tvö eða fleiri gróðurfélög koma fyrir í sama fláka er fyrst talið upp það gróðurfélag sem er ríkjandi.

Heiti gróðurfélaga eru táknuð með lyklum samsettum úr einum stórum bókstaf og einum eða tveimur tölustöfum, t.d. táknar gróðurfélagið H1 *grös* og T5 táknar *grös–starir*. Gróðurþekja er einnig metin innan fláka. Algróið land er með >90% gróðurþekju og allt land með >10% gróðurþekju telst gróið. Tákn fyrir skerta gróðurþekju eru rituð aftan við viðkomandi gróðurfélag. Þannig táknar x að meðaltali 75% gróðurþekju, z 50% og þ 25% gróðurþekju. Sem dæmi táknar H1x gróðurfélagið *grös* með að meðaltali 75% gróðurþekju. Þar sem gróðurþekja er <10% telst land lítt eða ógróið og er þá flokkað eftir landgerðum eða öðrum þáttum en ríkjandi gróðri.

Graslendi í Ásgarði er að hluta til manngert og þar sem að svæðið var kortlagt í stórum mælikvarða þótti ástæða til að flokka og skilgreina gróðurfélagið H1 *grös* nánar en gert er í hefðbundnum gróðurlykli. Til viðbótar við H1 voru því merktir reitir H1* *grös–snarrótarpuntur* og H1** *grös–þökur*.

Upplýsingar um flóru svæðisins (æðplöntur, mosar og fléttur) voru að stærstum hluta sóttar í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Gögn voru dregin saman miðað við skráningar í 5×5 km reiti sem féllu innan svæðisins. Þar sem vettvangsferð var farin að hausti var ekki um að ræða heildstæða skráningu plöntutegunda á lóð Fannborgar í Ásgarði en allar greinanlegar æðplöntur voru skráðar á 11 stöðvum sem endurspegluðu tegundasamsetningu í mismunandi gróðurfélögum. Tegundaheiti æðplantna eru samkvæmt Herði Kristinssyni (2008).

Tegundir voru flokkaðar eftir algengi og verndargildi. Algengiflokkarnir eru tíu og byggja á útbreiðslu tegunda á landinu og hversu algengar þær eru (3. viðauki, Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Verndargildi tegunda er metið út frá tíu matsflokkum (1–10) þar sem sjaldgæfar tegundir fá hátt gildi en algengar tegundir lágt. Auk þess er tiltekið ef tegund er friðuð samkvæmt lögum eða er á valista. Válistinn byggir á stöðlum Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) og var listinn fyrir æðplöntur yfirfarinn út frá nýjum viðmiðum árið 2008 (María Harðardóttir o.fl. 2008, Náttúrufræðistofnun Íslands 2008).

3 LÝSING SVÆÐIS

Kerlingarfjöll eru allmikill fjallabákur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið er fjöllótt og hálent, hæstu fjöll yfirleitt um 1200–1400 m. Mikil líparítfjöll einkenna svæðið ásamt lægri móbergsfjöllum. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með allmiklu háhitasvæði um miðbikið (1. mynd). Tvær öskjur eru greinanlegar innan Kerlingarfjalla.



1. mynd. Í Efri Hveradölum er litríkt háhitasvæði innan um háreist líparítfjöll og móberg. Hér er unleg móbergsmyndun til vinstri og líparítfjöllin Snækollur (1488 m y.s.) og Snót í bakgrunni. Ljósmynd. Kristján Jónasson, 7. júlí 2008.



2. mynd. Árskarðsfjall er ungleg móbergsmyndun í jaðri Kerlingarfjalla. Ljós. Kristján Jónasson , 30. sept. 2016.

3.1 Jarðfræði

Upplýsingar um megindrætti jarðfræði svæðisins koma fram í skýrslu Árna Hjartarsonar og Magnúsar Ólafssonar (2005), en með henni fylgir jarðfræðikort í mælikvarða 1:10.000 af mið- og norðurhluta fjallanna. Þar má sjá útbreiðslu jarðminja sem hér er fjallað um. Jarðmyndanir í Kerlingarfjöllum eru allar yngri en 780 þúsund ára, myndaðar á síðari hluta ísaldar og á nútíma (Grönvold 1972). Þær eru flestar ef ekki allar myndaðar við gos í jökli. Fyrst um sinn gaus eingöngu basalti og myndaðist þá breið háslétta í u.þ.b. 1000 m hæð. Hún er að mestu úr móbergsmyndunum, svo sem bólstrabergi og túffi. Síðar myndaðist fjöldi líparítfjalla ofan á hásléttunni, ásamt nokkrum móbergsmyndunum úr basalti (2. mynd). Líparítfjöllin dreifast um alla hásléttuna en mest er af þeim í tveim þyrpingum. Eystri þyrpingin telur t.d. Fannborg, Snækoll og Loðmund en í vestri þyrpingunni eru m.a. Ögmundur, Höttur og Mænir. Tvær öskjur hafa verið greindar í Kerlingarfjöllum (Kristján Sæmundsson 1982). Þær umlykja áður nefndar líparítþyrpingar og tengjast augljóslega myndun þeirra. Öskjubrot eystri öskjunnar má sjá efst í gljúfri Árskarðsár. Engin gosvirkni hefur verið í Kerlingarfjöllum á nútíma en skammt austan þeirra er eitt nútímahraun, Illahraun, sem talið er tengjast þeim.

Fjallað er um líparítmyndanir svæðisins og líparítgos í jöklum í ritgerðum og greinum, meðal annars eftir Karl Grönvold (1972, 1982), Stevenson o.fl. (2009, 2011) og McGarvie o.fl. (2009). Sum líparítfjallanna flokkast sem líparítstapar og eru með hrauni á toppnum (3. mynd). Flude o.fl. (2010) birta aldursgreiningar og efnagreiningar á líparítmyndunum Kerlingarfjalla. Þar kemur fram að líparítgosvirkni má skipta í tvo fasa eftir snefilefnasamsetningu og aldri. Í fyrri fasanum mynduðust líparítfjöll um allan fjallaklasann fyrir 250-350 þúsund árum. Í þeim seinni hafa myndast líparítfjöll í tveim þyrpingum við Ögmund annars vegar og Snækoll hins vegar.



3. mynd. Ögmundur er líparítstapi í vestri líparíthyrpingu Kerlingarfjalla. Ljós. Kristján Jónasson, 5. júlí 2008.

Allmikið háhitasvæði er í Kerlingarfjöllum sem skiptist í nokkur undirsvæði. Stærst þeirra er í Hveradölum, en því er stundum skipt frekar upp í Vesturdali, Miðdali og Austurdali (4. mynd). Þá eru önnur undirsvæði í Efri-Hveradölum og í Hverabotni. Um jarðminjar á og við jarðhitasvæðin er fjallað í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um jarðminjar á háhitasvæðum Íslands (Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009). Jarðefnafræði háhitasvæðisins er gerð skil í grein Halldórs Ármannssonar (2016).

Miklar setfyllur finnast í og við Kerlingarfjöll. Í vestur- og suðvesturhluta eystri öskjunnar (í Hveradölum) myndaðist stöðuvatn (öskjuvatn) sem líklega hefur verið íslaut að miklu leyti vegna jarðhitas. Þar hefur safnast fyrir talsvert af seti, sem Árskarðsá og Kisa eru nú byrjaðar að rjúfa gil í. Þetta set er mikið ummyndað af háhitavirkni (5. mynd). Í Árskarðsöldum milli Hveradalahnjúks og Árskarðsfjalls eru víðáttumikil og þykk setlög sem jökull hefur gengið yfir. Þau eru úr allt að 110 m þykku lóna- og straumvatnaseti, og sennilega mynduð við jökulhlaup úr Kerlingarfjöllum á ísöld (6. mynd). Athyglisvert er að þau eru að mestu úr svörtu seti, ólíku því ummyndaða líparítefni sem Árskarðsá ber fram nú. Það gæti bent til þess að þau hafi að einhverju leyti myndast í tengslum við gos í jökli. Á sléttunni við Jökulfall (Jökulkvísl) eru lægri og yngri setlög sem jökull hefur ekki gengið yfir og talin eru mynduð í jökullóni við ísaldarlok. Í meistaraþrófsritgerð Cecilia Möne (1997) er fjallað um setlögin við Jökulfall og lítillega minnst á setlögin í Árskarðsöldum.

Á nútíma hefur Árskarðsá grafið djúpt og tilkomumikið gljúfur í setlög og móberg (7. mynd) og nær það nú inn í Hveradali. Framburður árinna einkennist af háhitaummynduðu seti með líparít- og móbergsmulningi (8. mynd).

Jarðminjar við fyrirhugaða hálendismiðstöð í Ásgarði eru annars vegar ofangreind setlög í Árskarðsöldum og hins vegar Árskarðsá sjálf, virkt ferli landmótunar með gljúfurmyndun og aurframburði.



4. mynd. Öflug hveravirkni við Árskarðsá í austurhluta Hveradala. Ljós. Kristján Jónasson, 6. júlí 2008.



5. mynd. Ummyndað vatnaset við Árskarðsá vestast í Hveradölum. Setið hefur safnast fyrir í öskjuvatni á ísöld. Ljós. Kristján Jónasson, 4. júlí 2008.



6. mynd. Í Árskarðsöldum eru þykk og víðáttumikil lög af lóna- og straumvatnaseti frá ísöld. Ljósmynd. Kristján Jónasson, 29. sept. 2016.



7. mynd. Árskarðsá hefur grafið djúpt og tilkomumikið gljúfur í setlög og móberg í Árskarðsöldum. Ljósmynd. Kristján Jónasson, 30. sept. 2016.



8. mynd. Framburður Árskarðsár einkennist af háhitaummynduðu seti með líparít- og móbergsmulningi. Ljós. Kristján Jónasson, 29. sept. 2016.

3.2 Gróður

Gróðurfur

Gróðurfur innan athugunarsvæðisins í Kerlingarfjöllum er í grófum dráttum svipað því sem er að finna á annars staðar á miðhálandinu, þar sem um og yfir helmingur lands eru lítt eða ógrónir melar og stórgrýtt land (Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2014, 1. kort, 9. mynd). Moslendi með gamburmosum og/eða hélumosum eru ráðandi auk þess sem starmói er víða áberandi á lægri heiðasvæðum á miðhálandinu líkt og í Kerlingarfjöllum, sér í lagi í Ásgarði (10. mynd). Af grónu landi er votlendi (4%) hins vegar hlutfallslega minna en gengur á gerist á miðhálandinu (14%) (1. viðauki, Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2014) en hafa ber í huga að töluvert votlendi er að finna á nærliggjandi svæðum, t.d. í Blánípuveri norðan við Jökulfall, auk votlendisfláka austan við Kerlingarsprænu rétt utan við afmarkað athugunarsvæði. Í Hveradölum og Hverabotni finnast sums staðar jarðhitagróður í kringum heitar uppsprettur og hverir og að því leyti sker gróðurfur Kerlingarfjalla sig frá gróðurfari nærliggjandi hálandissvæða (11. mynd). Þetta eru yfirleitt litlir gróðurblettir en oft vel grónir, sérstaklega í samanburði við nánasta umhverfi sem er að öðru leyti mjög gróðurnautt (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009).

Athugunarsvæðið sem er 29,7 km² að flatarmáli er lítt gróið (1. kort). Það einkennist af grýttum melum og skriðum með mosagrónum gróðurvínjum í lægðum og snjóðældum. Gróðurfur verður enn sundurleitara þar sem landið hækkar til suðurs í átt jarðhitasvæðunum í Hveradölum og Hverabotni. Lítt og ógróið land, með undir 10% þekju að meðaltali, er samtals 63% af flatarmáli svæðisins og þar af hafa stórgrýtt land og melar langmesta útbreiðslu, samtals 85% af ógrónu landi. Næst á eftir koma jöklar (7%) og skriður (6%) sem koma aðallega fyrir á sunnanverðu svæðinu. Aðrar landgerðir hafa óverulega útbreiðslu á svæðinu í heild (1. viðauki).



9. mynd. Ógrónir melar með misgisinni gróðurþekju í lægdum og dældum einkenna svæðið við Kerlingarfjöll, líkt og víðar á miðhálandinu. Jökulkvísl/Jökulfall rennur frá Hofsjökli sem er í baksýn handan við fjallið Blánípu. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 30. september 2016.

Gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju, er 37% af flatarmáli athugunarsvæðisins (1. viðauki). Gróðurþekja er þó víðast gisin og um helmingur gróna landsins er aðeins með fjórðungs gróðurþekju (2. viðauki) Algróið land, með yfir 90% þekju að meðaltali, er 20% og er þar aðallega um að ræða mosagrónar hlíðar Árskarðsfjalls og votlendisfláka á undirlendi neðan þess.

Hélumosagróður (54%) og mosagróður (38%) hafa mesta útbreiðslu gróðurlenda, samtals yfir 90% af grónu landi. Hélumosagróður, þar sem hélumosi og grasvíðir eru ríkjandi tegundir, finnst þar sem snjór liggur lengi fram eftir sumri og er því mun algengari á suðurhluta athugunarsvæðisins. Gróðurþekja hélumosagróðurs er að jafnaði fremur gisin. Mosagróður þar sem gamburmosar eru ríkjandi finnst um allt svæðið en er mest áberandi í hlíðum Árskarðsfjalls þar sem þekja hans er nær samfelld. Starmói (5%) þar sem stinnastör er ríkjandi kemur fyrst og fremst fyrir á norðanverðu svæðinu meðfram Jökulfalli og þar sem hann tekur við af mýrlendinu í hlíðardrögum Árskarðsfjalls og í Ásgarði. Votlendi (deiglendi, mýri, flói) er samanlagt aðeins um 4% gróins lands, aðallega stinnustaramýri neðan við Árskarðsfjall og í hlíðardrögum þess en einnig deiglendi meðfram ám og lækjasytrum á norðurhluta svæðisins (12. mynd). Önnur gróðurlendi hafa mjög litla útbreiðslu.

Ásgarður, þar sem fyrirhugað er að byggja upp hálandismiðstöð, liggur í kvos meðfram Árskarðsá. Lega svæðisins endurspeglast í gróðurfari og kemur m.a. fram í því að votlendi, sérstaklega mýri, er hlutfallslega margfalt meiri þar en á athugunarsvæði Fannborgar í heild (2. kort, 13. mynd). Starmói er áberandi í brekkum upp af votlendinu. Graslendi/valllendi hefur mjög litla útbreiðslu innan athugunarsvæðisins og kemur eingöngu fyrir í Ásgarði þar sem það er hlutfallslega langútbreiddasta gróðurlendið (14. mynd). Graslendið er að miklu leyti tilkomið vegna áhrifa mannsins. Á árunum í kringum 1970 var mýrlendi, þar sem aðaltjaldstæðið er nú, ræst fram til að þurrka upp land (15. mynd). Í kjölfarið hefur votlendisgróður nær horfið af



10. mynd. Starmói og mýrarflákar á flatlendinu framan og neðan við mosagróið Árskarðsfjall. Ljósmynd Rannveig Thoroddsen, 30. september 2016.

þeim bletti og graslendi komið í staðinn. Grasþökur hafa einnig verið lagðar á nokkrum stöðum í Ásgarði (16. mynd).

Lóð Fannborgar í Ásgarði er 5,5 ha flatarmáli (2. kort). Lítt og ógróið land, með undir 10% gróðurþekju að meðaltali, er samtals 46% af flatarmáli lóðarinnar. Það skiptist í náttúrulegar landgerðir, þar sem aðallega er um að ræða þurrar áreyrar og vatn í farvegi Árskarðsár auk mela, alls 53% af ógrónu landi. Hins vegar er um að ræða manngert land, þ.e. byggð og önnur mannvirki og land sem hefur verið raskað vegna framkvæmda, samtals 47% af ógrónu landi (1. viðauki).

Gróið land er alls 54% af flatarmáli svæðisins í Ásgarði eða tæplega 3 ha og er gróðurþekja þess nær samfelld (1.–2. viðauki). Graslendi/vallendi hefur mesta útbreiðslu gróðurlenda, samtals 38% af grónu landi (1. viðauki). Það er helst að finna á tjaldsvæðunum og í kringum húsakost svæðisins. Hluti þess eru grasþökur sem nýlega hafa verið lagðar á nokkrum stöðum (14. og 16. mynd). Í vallendi er sjaldnast einhver ein grastegund ríkjandi en snarórtarpunktur sem er hávaxinn er nær einráður á nokkrum blettum (17. mynd). Af öðrum þurrendisgróðurlendum hefur starmói (20%) töluverða útbreiðslu í brekkunum upp af flatlendinu við ána og er hann oftast í bland við önnur gróðurlendi eins og vallendi eða þursaskeggsmóa (9%). Lítið er um mosagróður (4%) í Ásgarði sem annars er einkennandi í gróðurfari athugunarsvæðis Fannborgar í heild. Aftur á móti er hlutdeild votlendis fremur mikil, samanlagt um 30% af flatarmáli gróins lands í Ásgarði. Þar er fyrst og fremst mýri (27%) þar sem stinnastör er ríkjandi, ýmist ein eða með mismunandi einkennandi fylgitegundum (18. mynd). Önnur gróðurlendi sem tilheyra votlendinu eru deiglendi (2%) og flói (<1%) og hafa þau mun minni útbreiðslu.



11. mynd. Gróskulegur mýrargróður í Hveradölum þar sem áhrifa jarðhitans gætir. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 30. september 2016.



12. mynd. Séð yfir samfelld votlendi austan Kerlingarsprænu, sunnan við Árskarðsfall, í átt að Blánípu en annars einkennist gróðurfar svæðisins af gisnum hélumosagróðri. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 30. september 2016.



13. mynd. Graslendi, mýri og starmói eru ríkjandi gróðurlendi í Ásgarði. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



14. mynd. Í brekkunni ofan við nípunar og nýbygginguna eru nýlagðar grasþökur til að loka sárum eftir jarðrask enn áberandi en munu að öllum líkindum samlagast smám saman nærliggjandi gróðri. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



15. mynd. Á aðaltjaldsvæðinu í Ásgarði hefur graslendi tekið við af votlendinu sem þar var áður. Framræsluskurður var grafinn um 1970. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



16. mynd. Þar sem loka hefur þurft sárum eftir jarðrask hafa sums staðar verið lagðar túnþökur sem stinga nokkuð í stúf við umhverfið. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



17. mynd. Snarrótarpuntur er hávaxinn grastegund og myndar hér kraga meðfram tjaldsvæðinu í Ásgarði. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



18. mynd. Stinnustaramýri þar sem stinnastör er ríkjandi, ýmist ein eða með öðrum einkennandi fylgitegundum, t.d. hengistör, er algengasta mýragerðin í Ásgarði. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.

Flóra

Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru alls skráðar 123 tegundir æðplantna á athugunarsvæði Fannborgar í heild, þar með talin ættkvísl túnfífla, 131 mosategund og 58 fléttur (3.–5. viðauki). Skráningar mosa og fléttna eru frá árunum 1970–1972, 2002 og 2006. Skráningar æðplantna spanna hins vegar 100 ár eða 1906–2016 en flestar skráningar voru gerðar á árunum 2002 og 2006 í tengslum við rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2007, 2009, Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2009).

Engar skráðar æðplöntutegundir innan athugunarsvæðisins eru á válista eða friðaðar. Allflestar þeirra eru með verndargildi á bilinu 1–3 sem þýðir að þær eru algengar á landsvísu (3. viðauki). Innan athugunarsvæðisins eru aðeins þrjár tegundir æðplantna sem hafa hærra verndargildi. Það eru rauðstör *Carex rufina* og fjandafæla *Omalotheca norvegica* sem hafa verndargildið 4 og hjallasveifgras *Poa x jemtlandica* með verndargildið 6. Tegundirnar þrjár eru að mestu bundnar við snjóþung svæði á hálendinu og til fjalla þar sem rauðstör og hjallasveifgras vaxa í fremur rökum jarðvegi en fjandafæla í skjólgóðum lautum og bollum (Hörður Kristinsson 2008, 2010). Fjandafæla fannst einnig innan lóðar Fannborgar í Ásgarði (19. mynd). Gullbrá *Saxifraga hirculus* sem nýtur verndar samkvæmt Bernarsamningum (1979), sem fjallar um verndun villtra tegunda og vistgerðatilskipun Evrópusambandsins, hefur einnig verið skráð innan athugunarsvæðisins. Hún finnst víða á hálendi þar sem hún vex í mýrum og deiglendi (Hörður Kristinsson 2008, 2010). Gullbrá fannst einnig í Ásgarði (20. mynd).

Þó að meginþorri æðplantna á svæðinu séu algengar um allt land, bæði á hálendi og láglandi, þá eru fjallaplöntur og plöntur sem einkenna snjóþung svæði einnig áberandi í æðplöntuflóru fjallanna, enda liggur svæðið hátt yfir sjávarmáli (650–1488 m h.y.s.). Fyrir utan áður nefndar tegundir má nefna tröllastakk, rjúpstör, fjallakobba, boghæru og fjallhæru sem dæmi um tegundir sem vaxa nær eingöngu til fjalla. Laugasef er láglandistegund sem vex í síkjum, lækjum og volgrum. Það finnst við heitar uppsprettur á jarðhitasvæðunum í Kerlingarfjöllum og einnig í Ásgarði (21. mynd). Nokkrar tegundir eins og hjartaarfi, haugarfi og knjálíðagras fundust í Ásgarði en það eru allt tegundir sem eru mun algengari á láglandi en hálendi, nema þá helst þar sem þær fylgja búsetu manna eða búfénaði hans. Það sama má segja um snarrótarpunt og vegarfa en þær tegundir hafa þó fundist víðar í Kerlingarfjöllum.

Engar skráðar mosategundir innan athugunarsvæðisins eru á válista. Mosinn bakkalúði *Hygrohypnum molle* er þó frekar sjaldgæfur (4. viðauki) og samkvæmt útbreiðslukorti finnst hann aðeins á þremur stöðum á landinu (Bergþór Jóhannsson 1998). Hann vex aðallega á steinum og klettum í og við ár og læk.

Tvær fléttutegundir sem skráðar eru á athugunarsvæðinu eru á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Það eru tegundirnar svarðskjóða *Thrombium epigaeum* sem er með verndargildið 7 og hamranafli *Umbilicaria vellea* sem er með verndargildið 9 (5. viðauki). Svarðskjóða vex bæði á hálendi og á láglandi þar sem hún vex á ógrónu landi eða á mosa og sinu. Hún finnst á nokkrum stöðum á miðhálendinu og á Austfjörðum. Hamranafli er mun sjaldgæfari og hefur svo vitað sé aðeins fundist á tveimur stöðum á landinu (Hörður Kristinsson 2016). Hvorug fléttutegundanna hefur fundist í Ásgarði.

Haustið 2016 voru skráðar samtals 87 tegundir æðplantna á 11 stöðvum á lóð Fannborgar í Ásgarði og endurspegluðu þær mismunandi gróðurfélög og landgerðir (3. viðauki). Tegundirnar eru allar algengar, fyrir utan fjandafælu sem er að mestu bundin við snjóþung svæði sem takmarkar



19. mynd. Þó að komið væri fram á haust og gróður tekinn að sölna þá má enn greina tegundir eins og fjallasmára og fjandafælu sem hér vaxa í blómasnjódæld í skjólgróðri brekku í Ásgarði. Ljósmynd. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.

útbreiðslusvæði hennar. Af 87 tegundum æðplantna sem fundust í Ásgarði voru 17 tegundir sem höfðu ekki verið skráðar áður innan athugunarsvæðisins í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Má t.d. nefna tegundir eins og tjarnastör og gulstör sem báðar eru hávaxnar starir og eru auðgreinanlegar þar sem þær vaxa í breiðum í mýrum og flóum líkt og í Ásgarði (22. mynd).

Fjöldi æðplantna var mismikill á hverri stöð sem helgaðist af því að gróðurfélag aflákar voru misstórir en einnig var fjöldi tegunda mismikill í hverju gróðurfélagi. Í nær öllum tilvikum voru æðplöntur skráðar á stöðvum þar sem tvö eða fleiri gróðurfélög komu fyrir í sama fláka, þ.e. í blönduðu gróðurfélögum. Almennt voru um helmingi fleiri tegundir eða meira skráðar á þeim stöðvum en ef aðeins um eitt gróðurfélag var að ræða innan fláka. Nokkrar tegundir fundust á allflestum stöðvum meðan aðrar komu aðeins einu sinni fyrir. Vallarsveifgras og stinnastör voru þær tegundir sem fundust á flestum stöðvum. Þetta endurspeglar í því að algengustu og útbreiddustu gróðurfélögin í Ásgarði voru graslendi og stinnastaramýrar þar sem þessar tegundir eru ríkjandi, auk þess sem þær komu bæði fyrir í þurrlendi og votlendi. Þær tegundir sem komu aðeins einu sinni eða sjaldan fyrir á stöð endurspeglar ekki endilega fágæti þeirra, hvorki á landsvísu né héraðsvísu heldur frekar að þau kjörbúsvæði sem þær vaxa í komu ekki eða lítt fyrir í Ásgarði. Eins og kemur fram hér að ofan þá fannst fjandafæla *Omalotheca norvegica* í Ásgarði. Hún óx í skjólgóðri þursaskeggs- og starmóabrekku (gróðurfélögin E2/G2) innan um aðrar blómjurtir sem einkenna snjóældir (19. mynd). Gullbrá *Saxifraga hirculus*, sem einnig fannst í Ásgarði, óx í blönduðu mýragróðurfélagi þar sem stinnastör og hengistör voru ráðandi ásamt mýrelftingu (gróðurfélögin U1/U10) (20. mynd).



20. mynd. Þroskuð aldin gullbrár sem vex í mýri ofan við aðaltjaldsvæðið í Ásgarði. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



21. mynd. Laugasef sem er hitakær æðplöntutegund vex í volgru í Ásgarði. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.



22. mynd. Tjarnastör (ljósi gróðurinn á myndinni) og gulstör (dökkgræn rönd) eru hávaxnar starir og skera sig úr frá öðrum votlendis- og staragróðri. Hvorug þessara tegunda höfðu verið skráðar áður innan athugunarsvæðisins. Ljósm. Rannveig Thoroddsen, 29. september 2016.

4 VERNDARGILDI

4.1. Jarðminjar

Hér er gefið yfirlit yfir merkar jarðminjar í Kerlingarfjöllum almennt og jarðminjar við Ásgarð sérstaklega. Lagt er mat á verndargildi þeirra og stöðu.

Megineldstöð. Kerlingarfjöll eru áberandi fjallaklasi sem rís yfir landið umhverfis. Fjallaklasinn er vel þroskuð megineldstöð með skýra landfræðilega afmörkun, mynduð á síðari hluta ísaldar (<780 þúsund ára). Flestar jarðmyndanir hafa orðið til við gos í jökli. Þar má finna móberg, líparít, öskjubrot og háhitasvæði. Svæðið hefur allt það helsta sem einkennir megineldstöðvar, þó er þar óvenjulítill gliðnun fyrir eldstöðvakerfi í rekbeltunum. Megineldstöðin er heildstæð og svo til alveg óröskuð og hefur **hátt verndargildi** (vísinda- og fræðslugildi, dæmigildi).

Líparít. Í Kerlingarfjöllum er að finna næstmesta líparítssvæðið í gosbeltum landsins og það mesta í rekbeltunum. Torfajökulssvæðið er mesta líparítssvæðið í gosbeltum landsins, en það er í jaðarbelti. Allt líparít í Kerlingarfjöllum er myndað við gos í jökli. Sum líparítfjöllin eru stapar, en líparítstapar eru afar fágætir á heimsvísu. Slík fjöll eru iðulega skriðurunnin, en nokkrar einingar í Kerlingarfjöllum eru vel opnar og sýna innri gerð líparítstapa. Á það sérstaklega við um fjöllin Ögmund og Hött (sjá kápumynd), ásamt ónefndum myndunum þar í kring (Karl Grönvold 1982, Stevenson o.fl. 2009, 2011 og McGarvie o.fl. 2009). Líparítmyndanirnar í Kerlingarfjöllum eru heildstæðar, óraskaðar og fágætar á heimsvísu. Þær hafa mjög **hátt verndargildi** (fágæti, vísinda- og fræðslugildi).

Háhitasvæði. Háhitasvæðið í Kerlingarfjöllum einkennist af mikilli hveravirkni og mikilli ummyndun. Öflugur hver með yfirhitaðri gufu er í Hverabotni suðaustan undir Mæni. Þar hefur hiti mælst 145–150°C sem er ein hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi. Við mat á verndargildi 18 háhitasvæða sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir rammaáætlun 2 fengu Kerlingarfjöll einkunn yfir meðallagi fyrir jarðhitaummerki samanborið við önnur háhitasvæði (Trausti Baldursson o.fl. 2009). Háhitasvæðið hefur **mjög hátt verndargildi** (fágæti, vísinda- og fræðslugildi) og nýtur auk þess sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd). Það er fágætt á heimsvísu og er meirihluti svæðisins óraskaður, eitt af fáum óröskuðum háhitasvæðum á Íslandi. Þó er í Vesturdölum nokkur ágangur ferðamanna, en stígagerð dregur úr áhrifum hans.

Móberg. Móbergsmýndanir eru fágætar á heimsvísu og meirihluti þeirra finnast á Íslandi. Þær hafa því **hátt verndargildi** á heimsvísu, þó þær séu mjög algengar hér á landi. Það hefur því svipaða stöðu og svokallaðar ábyrgðartegundir í lífríkinu, þó ekki séu neinir alþjóðlegir samningar sem kveða á um slíkt fyrir jarðminjar. Móbergsmýndanir í Kerlingarfjöllum eru óraskaðar.

Hraun. Eitt nútímahraun er við austurjaðar megineldstöðvarinnar. Upptök þess eru við Þverfell og kallast hraunið Illahraun norðan til, en Setuhraun og Kisuhraun sunnar. Hraun hafa almennt **hátt verndargildi**, enda fágætar jarðminjar og landslagsform á heimsvísu. Hraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraunið er utan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar og ekki verður séð að fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft nokkur áhrif á það. Hraunið er svo til óraskað, fyrir utan jeppaslóð sem liggur um það.

Setmyndun í Árskarðsöldum. Þykk og mikil setmyndun frá ísöld. Hún hefur lítið verið rannsökuð en þó er ljóst að hún er áhugaverð myndun úr lóna- og straumvatnaseti sem hugsanlega tengist gosum í jökli. Setmyndunin er óröskuð að mestu og hefur **miðlungs verndargildi**.

Árskarðsá. Landmótun á nútíma, gljúfurmyndun og aurburður, sem hefur **miðlungs verndargildi**. Ferlinu hefur verið raskað með vatnsaflsvirkjun í Sælufossi rétt neðan við Ásgarð (23. mynd).

4.2. Gróður og flóra

Jarðhitagróður. Kemur sums staðar fyrir ofar í fjallendinu á sunnanverðu athugunarsvæðinu, í Hverdölum og Hverabotni, þar sem jarðhita gæti á yfirborði. Það er sá gróður í Kerlingarfjöllum sem sker sig úr gróðurfari nærliggjandi svæða á hálendinu. Þetta eru yfirleitt litlir gróðurblettir en oft mjög gróskulegir, sérstaklega í samanburði við nánasta umhverfi sem er mjög gróðursnautt (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 2009). Jarðhitagróður, sem hluti af lífríki við hveru og heitar uppsprettur, nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Votlendi. Mýrar og flóar neðan við Árskarðsfjall og í hlíðardrögum þess er að mestu óraskað. Votlendi á lóð Fannborgar í Ásgarði er aðeins um 1 ha en er hlutfallslega margfalt meira en það votlendi sem finnst á athugunarsvæðinu í heild. Á árunum í kringum 1970 var mýrlendi í Ásgarði ræst fram og um það bil 0,5 ha votlendi þurrkað upp fyrir tjaldstæði. Þar er nú graslendi í stað votlendis. Í 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta votlendi 2 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar. Samfelld votlendi í Ásgarði er um 1 ha eins og að framan greinir en engu að síður telur Náttúrufræðistofnun Íslands að hlífa beri því votlendi sem eftir er í Ásgarði eins og kostur er (2. kort, sjá gróðurfélög merkt U og V sem tilheyra mýri og flóa).



